

Fundur í Fagráði loftræstikerfa nr. 4

| | | | |
|----------------------|---|----------------------|----------------|
| Fundarefni: | Lagnakerfamiðstöðin, Almenn umræða um stöðu fagsins | | |
| Fundardagur: | 27.01.2011 | Fundartími: | 16.30 – 18.00 |
| Fundarstaður: | Blikksmiðurinn, Malarhöfða 8 | Fundarritari: | Kristján Oddur |
| Fundarmenn: | Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS), Karl Hákon Karlsson og Kjartan Mar Eiríksson (KME). Sigurgeir Þórarinsson (SP) var umhverfis fundinn. | | |
| Dreifing: | Fundarmenn, Gunnar Björn Guðbjörnsson (GBG), Pétur Kristjánsson, Kristján Ottóson og Þórir Guðmundsson | | |

- Síðasta fundargerð var samþykkt.
- Þráðurinn um Lagnakerfamistöðina var aftur tekinn upp. Fundarmenn lýsti yfir áhyggjum sínum á því að ástand miðstöðvarinnar muni halda áfram að versna ef ekki finnst betri lausn á nýtingu hennar og rekstri. Vísað er til 1. Fagráðsfundar frá því í haust þegar fagráðið ræddi möguleika á að auka rekstrargrundvöll miðstöðvarinnar með því að mismunandi menntastofnanir gætu nýtt hana meira í tengslum við sitt nám.
- Karl Hákon hefur metið ástand Lagnakerfamiðstöðvarinnar og gefið vísbendingu um þann kostnað sem þarf til að laga búnað og koma miðstöðinni í ásættanlegt ásigkomulag.
- Rætt var um hvort möguleiki væri á að Nýsköpunarmiðstöðin, allavega gamli RB-hlutinn, gæti komið að borðinu, ekki síst vegna staðsetningar stöðvarinnar. Ef áhugi væri hjá Nýsköpunarmiðstöðinni að koma að málinu, væri hugsanlega auðveldara að fá aðila þaðan til að umsjóna stöðina þar sem það er í næsta húsi.
- Fagráðið leggur til að stjórn LAFÍ ásamt Iðunni, Tækniskólanum og hugsanlega Nýsköpunarmiðstöðinni athugi með að koma miðstöðinni í notkun, með það fyrir augum að breikka mætti rekstrargrundvöll miðstöðvarinnar.
- Minnst var á að hugsanlega mætti leita í styrktarsjóði hjá ýmsum stofnunum (Málmiðnaðarfélaginu ofl.) til að hjálpa til við að koma námi og/eða rannsóknartengdri vinnu af stað í miðstöðinni.
- Farið var til baka í þá umræðu sem átti sér stað í síðasta fagráðsfundi um stöðu fagsins almennt. Hvað er að og hvað má bæta.
- Talað var um úttektir og eftirlit og hvernig bæta mæti þau mál. Rætt var um að verkfræðistofur/hópar gætu orðið sér út um ákveðin „stimpil“ sem veitti þeim leyfi til úttekta og virkniprófanna (að þýskri fyrirmynd).
- Fundarmenn höfðu allir tekið þátt í umræðu sem átt hefur sér stað um endurbætur á Byggingarreglugerð. Rætt var um samband hönnuðar og verkkaupa í þessu tilviki, varðandi úttektir og prófanir. Mikilvægt sé að hönnuðir geri verkkaupa í fyrsta lagi grein fyrir í upphafi verks hvort ætlast sé til að þeir framkvæmi úttektir og eða prófanir á búnaði. Ef svo sé, að þá verða hönnuðir að standa fast á að framkvæma

þær samviskusamlega, og varast að láta verkkaupa eða aðra aðila hafa áhrif á að það verði ekki gert.

- Ef ákvæði kemur í reglugerð um að hönnuður þurfi að framkvæma úttektir þarf að skýra betur hvar sá kostnaðarliður komi inn í ferlinu.
- Farið var inn á mál er snerta reyndarteikningar. Þær eru oft ekki kláraðar og/eða skila sér illa inn til Byggingarfulltrúa. Ein af ástæðunum sem nefndar voru var sú að ekki hafi verið gert nógu skýrt grein fyrir þeim kostnaðarlið í upphafi og að þegar að þeim komi í lok verks sé fjárveiting ekki til staðar. Gera þarf verkkaupa skýrt grein fyrir þessum kostnaðarlið í upphafi verks.

Næsti fundur hjá fagráði loftræstikerfa verður boðaður síðar.